

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 24. janúar kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 759. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Hildur Gunnarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hulda Einarsdóttir, Haukur Hafliði Nínuson og Sólveig Sigurðardóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Grenimelur 8, (fsp) breyting á notkun bílskúrs** (01.541.3) Mál nr. SN200003
Skjalnr. 13288
Telma Lucinda Tómasson, Baugatangi 5A, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Telmu Lucindu Tómasdóttur dags. 3. janúar 2020 um breytingu á notkun bílskúrs á lóð nr. 8 við Grenimel í íbúð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2020.
- Klyfjasel 16, (fsp) fjölgun bílastæða** (04.997.1) Mál nr. SN200014
Skjalnr. 14035
Rúnar Ágústsson, Klyfjasel 16, 109 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Rúnars Ágústssonar dags. 8. janúar 2019 um fjölgun bílastæða á lóð nr. 16 við Klyfjasel um tvö.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Skildingatangi 2, breyting á deiliskipulagi** (01.675.2) Mál nr. SN200037
Skjalnr. 14190
530389-1709 Gula húsið ehf, Túngötu 32, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 var lögð fram umsókn Gula hússins ehf. dags. 14. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skildinganess vegna lóðarinnar nr. 2 við Skildingatanga. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til vesturs sem nemur 5 metrum á 10 metra kafla, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 26. mars 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Skildingatanga 1, 4 og 6, Skeljatanga 4 og Skildinganesi 62. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

4. **Sólvallagata 23, Bílskúr** (01.162.002) Mál nr. BN056808
Skjalnr. 11282
Brynjólfur Stefánsson, Sólvallagata 23, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr klæddan að utan með timburborðum á lóð nr. 23 við Sólvallagötu, samvæmt uppdr. Sei dags. 19. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.
Stærð bílskúr er : 38,3 ferm., 119,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020 samþykkt.
5. **Baldursgata 10, Ofanábygging og svalir** (01.186.107) Mál nr. BN056581
Skjalnr. 6404
Hjálmar Sveinsson, Baldursgata 10, 101 Reykjavík
Ósk Vilhjálmsdóttir, Baldursgata 10, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hæð úr timbri, klædda bárujárni, ofan á núverandi hús á lóð nr. 10 við Baldursgötu. Einnig er lagður fram skuggavarpsuppdr. Teiknistofunnar Óðinstorgi ehf. dags. 14. nóvember 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 5. nóvember 2019 til og með 3. desember 2019 og frá 18. desember 2019 til og með 20. janúar 2020. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðrún Ásta Guðmundsdóttir, formaður húsfélagsins að Baldursgötu 12, dags. 28. nóvember 2019, Guðrún Kristjánsdóttir og Ævar Kjartansson dags. 1. desember 2019, Friðþjófur Högni Stefánsson, Signý Ósk Davíðsdóttir, Sigurjón Gísli Helgason og Þóra Jónsdóttir dags. 3. desember 2019 og Hildur Guðmundsdóttir dags. 17. janúar 2020.
Erindi fylgir afrit í A4 af eldri samþykktum teikningum. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. september 2019. Stækkun: 98,6 ferm., 250,7 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Granaskjól 44-64, (fsp) breyting á** (01.515.3) Mál nr. SN200040
Skjalnr. 14231
lóðarmörkun sameiginlegs lóðar
500316-1440 Granaskjól 44-64, lóðafélag, Granaskjól 46, 107 Reykjavík
Silja Traustadóttir, Granaskjól 46, 107 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Silju Traustadóttur f.h. Stjórnar Granaskjóls 44-64, lóðafélag, dags. 15. janúar 2020 ásamt bréfi dags. 15. janúar 2020 um að lóðarmörk sameiginlegrar lóðar verði endurskoðuð og lóðin minnkuð sem nemur göngustíg, götu og almennum gestabilastæðum, samkvæmt tillögu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Karástígur 7, Breytingar - innveggir og** (01.182.305) Mál nr. BN057093
Skjalnr. 14183
stigar fjarlægðir o.fl.
Hadeel Ibrahim, Bretland,
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta öllu innra skipulagi, setja nýjar svalir, þakglugga og tröppur, lækka kjallaragólf viðbyggingar, hækka útveggi viðbyggingar án þess að breyta mænishæð og garður verður endurskipulagður við hús á lóð nr. 7 við Kárástíg, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 20. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2020.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 16. desember 2019. Stækkun: 7,7 ferm., 36,6 rúmm. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2020 samþykkt.

8. **Grjótháls 1-3, breyting á deiliskipulagi** (04.302.4) Mál nr. SN190598
Skjalnr. 6374
- 590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álftheimum 74, 104 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019 var lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 2. október 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1-3 við Grjótháls. Í breytingunni felst í meginatriðum stækkun á byggingarreit ofanjarðar um fjóra metra til suðurs, hækkun hæðar húss innan hans um 1,5 metra og hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar úr 0.7 í 0.95, samkvæmt deiliskipulagsuppd. dags. 2. október 2019. Einnig er lagt fram bréf T.ark Arkitekta ehf. dags. 20. janúar 2020 og breyttur uppráttur. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
- Samþykkt að grenndarkynna tillögu breytt dags. 20. janúar 2020 fyrir hagsmunaaðilum að Grjóthálsi 5, Fosshálsi 1, 3, 5, 7, 9 og 11, Járnhálsi 2-4, Draghálsi 4, 6, 8, 10 og 12 og Hesthálsi 2-4.*
- Vakin er athygli á að umsækjandi þarf að greiða fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram skv. 7.6. gr. sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
9. **Fannafold 109, rekstur stuðningsheimilis** (02.850.2) Mál nr. SN200036
Skjalnr. 14229
- 700595-2699 Barnaverndarstofa, Borgartúni 21, 105 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 var lagt fram erindi Barnaverndarstofu dags. 27. nóvember 2020 varðandi rekstur stuðningsheimilis, á grundvelli b-lið 1. mgr. 84. gr. barnaverndarlaga, að Fannafoldi 109. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.
- Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020 samþykkt.*
10. **Fannafold 170, (fsp) nr. 170A - stækkun á anddyri og bygging sólskála** (02.852.6) Mál nr. SN200028
Skjalnr. 14227
- Una Rúnarsdóttir, Fannafold 170A, 112 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Unu Rúnarsdóttur og Tryggva Jónassonar dags. 7. janúar 2020 ásamt bréfi dags. 6. janúar 2020 um stækkun á anddyri hússins að Funafoldi 170A, lóð nr. 170 við Funafold, og byggingu sólskála. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. janúar 2020.
- Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. janúar 2020 eru ekki gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.*
11. **Lyngháls 1, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.326.0) Mál nr. SN200025
Skjalnr. 8110
- 470193-2559 Prentmet Oddi ehf., Lynghálsi 1, 110 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
- Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. dags. 10. janúar 2020 ásamt bréfi dags. 9. janúar 2020 um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Lyngháls sem felst í að skilgreina byggingarreit norðan við húsið. Gert er ráð fyrir að byggingarreitur til suðurs geti færst nær núverandi húsi samhliða þessari breytingu. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.
- Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020 eru ekki gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.*

12. **Lyngháls 2, breyting á deiliskipulagi** (04.326.4) Mál nr. SN190605
Skjalnr. 9437
Sigurður Hallgrímsson, Stórakur 7, 210 Garðabær
590517-1270 Jökulberg ehf., Borgarbraut 74, 310 Borgarnes
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 7. október 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2 við Lyngháls. Í breytingunni felst að afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir geymslur á suður lóðarmörkum. Innan hans er heimilt að byggja geymslur á einni hæð, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 26. nóvember 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 17. desember 2019 til og með 16. janúar 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
13. **Skeifan, rammaskipulag endurskoðun** (01.46) Mál nr. SN200052
Skjalnr. 8827
Lagt fram minnisblað skipulagsfulltrúa dags 24. janúar 2020 vegna endurskoðunar á rammaskipulagi Skeifunnar.
Frekari vinnu við endurskoðun rammaskipulags Skeifunnar er vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
14. **Skeifan 2-6, (fsp) nr. 4 - hækkun húss um eina hæð** (01.461.2) Mál nr. SN190738
Skjalnr. 9530
441286-1479 Hús fyrir Epal ehf., Skeifunni 6, 108 Reykjavík
410604-3370 Erum Arkitektar ehf., Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Erum Arkitekta ehf. dags. 16. desember 2019 ásamt bréfi dags. 12. september 2019 um hækkun á suðurhluta hússins að Skeifunni 4, lóð nr. 2-6 við Skeifuna, um eina hæð, samkvæmt uppdr. Erum Arkitekta ehf. dags. 21. september 2019. Einnig er lagt fram samþykki meðeigenda ódags. mótt. 16. desember 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020 eru ekki gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.
15. **Bergstaðastræti 18, breyting á skilmálum deiliskipulags** (01.184.0) Mál nr. SN190744
Skjalnr. 10383
450400-3510 VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Richards Ólafs Briem dags. 18. desember 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.184.0 vegna lóðarinnar nr. 18 við Bergstaðastræti. Í breytingunni felst að breytt er texta þannig að ekki verði einungis heimilt að koma fyrir aðfluttu húsi á lóðinni heldur einnig heimilt að byggja þar staðbyggt hús, samkvæmt tillögu VA arkitekta ehf. dags. 18. desember 2019.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

16. **Bústaðavegur 151-153, breyting á** (01.826.1) Mál nr. SN190668
deiliskipulagi Skjalnr. 7581
- Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Bústaðavegar 151-153. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið stækkar til norðurs inn á svæði við lóðarmörk Ásenda og afreinar frá Miklubraut að Reykjanesbraut, uppsetningu hljóðveggs meðfram afrein akandi umferðar frá Miklubraut að Reykjanesbraut, lega göngu- og hjólastígs norðan hitaveitustokks og vestan lóðar við Bústaðaveg 151D breytist og lega göngu- og hjólastígs hækkar í landi milli eystri lóðarmarka Ásenda og afreinar frá Miklubraut að Reykjanesbraut vegna rafstrengs sem liggur í jörðu undir stígunum, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta og Landslags dags. 7. nóvember 2019. Einnig er lögð fram hljóðvistarskýrsla Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. dags. í febrúar 2005 og hljóðkort (dynlínukort) Mannvits dags. í nóvember 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. nóvember 2019 til og með 19. desember 2019. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 26. nóvember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 24. janúar 2020 þar sem umsókn er dregin til baka.
Umsóknin dregin til baka með vísan til tölvupósts skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 24. janúar 2020.
17. **Tómasarhagi 23, Hækka þak, kvistir og** (01.554.101) Mál nr. BN056902
svalir á rishæð Skjalnr. 13885
- Valur Hliðberg, Tómasarhagi 23, 107 Reykjavík
Hildur Einarsdóttir, Tómasarhagi 23, 107 Reykjavík
- Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. nóvember 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að hækka vegg og þak, bæta við tveimur kvistum og svölum ásamt því að bæta við stiga innanhúss upp í ris sem verður hluti íbúðar á 2. hæð í húsi, mhl.01, á lóð nr. 23 við Tómasarhaga. Erindi var grenndarkynnt frá 25. nóvember 2019 til og með 23. desember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Margrét Sigurðardóttir og Þórir Haraldsson dags. 19. desember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. janúar 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.
Stækkun 115.3 ferm., 182.0 rúmm. Nýtingarhlutfall 0,73. Erindi fylgir umboð eigenda eignar 0201 ásamt vottuðu samþykki meðlóðarhafa dags. 21. október 2019, afrit af mæliblaði 1.554.1 útgefið 19. maí 1953 og varmatapsútreikningar dags. 31. október 2019. Gjald kr. 11.200
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020, sbr. a. lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr.1020/2019.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
18. **Básendi 12, Bílageymsla** (01.824.015) Mál nr. BN056964
Skjalnr. 11581
- Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta bílageymslu, mhl.02, sem verður í eigu íbúðar 0201 í íbúðarhúsi nr. 12 við Básenda.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. desember 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. desember 2019. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 9. desember 2019.
Stærðir: 35,0 ferm., 110,7 rúmm. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Tunguvegi 11, 13 og 15, Básenda 10 og 14 og Garðsenda 12.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

19. **Laugavegur 144, Svalir á allar hæðir** (01.241.010) Mál nr. BN057132
Skjalnr. 14126
Páll Haraldsson, Móvað 37, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja sólpall fyrir 1. hæð og létt byggðar svalir fyrir 2.- 4. hæð á suðurhlið íbúðarhúss á lóð nr. 144 við Laugaveg.
Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Ármúli 38, (fsp) breyting á notkun rýmis 02 0202** (01.295.1) Mál nr. SN200045
Skjalnr. 13557
Hallsteinn S Gestsson, Miðtún 46, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hallsteins S. Gestssonar dags. 21. janúar 2020 um breytingu á notkun rýmis merkt 02 0202 í húsinu á lóð nr. 38 við Ármúla úr hárgreiðslustofu í þrjár íbúðir, samkvæmt skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Byggðarendi 10, (fsp) sólskáli** (01.826.3) Mál nr. SN200004
Skjalnr. 8509
Andrea Ósk Jónsdóttir, Byggðarendi 10, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Andreu Óskar Jónsdóttur dags. 3. janúar 2020 um að setja sólskála við eldhús neðri hæðar hússins á lóð nr. 10 við Byggðarenda og síkka glugga, samkvæmt skissu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020 eru ekki gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.
22. **Rauðagerði 54, (fsp) innkeyrsla og bílastæði** (01.823.1) Mál nr. SN200044
Skjalnr. 10984
Lilja Sigríður Gunnarsdóttir, Rauðagerði 54, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Lilju Sigríðar Gunnarsdóttur dags, 20. janúar 2020 um að gera innkeyrslu og bílastæði á lóð nr. 54 við Rauðagerði.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Skipasund 34, Viðbygging - anddyri** (01.357.111) Mál nr. BN056668
Skjalnr. 12380
Arnar Halldórsson, Skipasund 34, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. janúar 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt anddyri og setja stálstiga upp að efri hæð á húsi á lóð nr. 34 við Skipasund, samkvæmt uppdr. Vigfúsar Halldórssonar dags. 4. október 2008 br. 5. janúar 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020. Erindi fylgir umboð og samþykki eigenda dags. 7. september 2019 og bréf hönnuðar dags. 5. janúar 2020. Stækkun: 33,75 ferm., 95,7 rúmm. Samtals stærð eftir breytingu: 310,1 ferm., 759,3 rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.

24. **Frakkastígur 14, (fsp) rekstur** (01.182.1) Mál nr. SN200038
veitingastaðar á jarðhæð Skjalnr. 13763
Ketill Árni Ketilsson, Hraunbrún 10, 220 Hafnarfjörður
430718-0290 Fasteignafélagið Langeyri ehf., Hraunbrún 10, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Fasteignafélagsins Langeyri ehf. dags. 15. janúar 2020 um rekstur veitingastaðar á jarðhæð hússins á lóð nr. 14 við Frakkastíg, fnr. 2006236. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.
25. **Höfðabakki 5, breyting á deiliskipulagi** (04.070.0) Mál nr. SN190369
Skjalnr. 6277
Að lokinni auglýsingu lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða - Eystri vegna lóðarinnar nr. 5 við Höfðabakka. Í breytingunni felst að koma fyrir fimm smáhýsum á lóðinni en Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Ekki er gert ráð fyrir að búseta sé varanleg notkun á lóðinni. Við breytinguna minnkar nýtingarhlutfall lóðarinnar og byggingareitur færirst, samkvæmt uppdr. teiknistofunnar Stika ehf. dags. 13. júní 2019. Tillagan var auglýst frá 24. júlí til og með 4. september 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Lögmál ehf. f.h. Vélvík ehf. dags. 3. september 2019, Megin lögmannsstofa f.h. Opus fasteignafélag ehf. dags. 3. september 2019, Juris f.h. Odda prentunar og umbúða ehf. dags. 3. september 2019. Erindi var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. september 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 20. janúar 2020 og afstöðu stjórnar Kassagerðar Reykjavíkur dags. 13. janúar 2020.
Umsóknin dregin til baka með vísan til tölvupósts skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 20. janúar 2020.
26. **Nóatún 17, (fsp) afnot af borgarlandi o.fl.** (01.235.2) Mál nr. SN190653
Skjalnr. 5402
470700-3350 Íshamrar ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík
Rafn Guðmundsson, Bárugata 30A, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. nóvember 2019 var lögð fram fyrirspurn Íshamra ehf. dags. 22. október 2019 um afnot á 50m² spildu á borgarlandi sem telst hluti af helgunarsvæði Laugarvegs á mörkum lóðanna nr. 17 við Nóatún og nr. 6 við Hátún og koma þar fyrir tímabundið, til fimm ára, hjólageymslu og hleðslustöðvum. Einnig er lagt fram bréf Rafns Guðmundssonar dags. 22. október 2019 ásamt ljósmyndum af umræddu svæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:54.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir